



Minnisblað fyrir fjárlaganefnd vegna fjármálaáætlunar 2019-2023


Spurningar til fjárlaganefndar varðandi fjármálaáætlun 2019-2023

1. Hvenær er áætlað að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum?
2. Á hverju byggir framlag til örorku og málefna fatlaðs fólks, allt að 4 ma. kr. og hvernig á að verja þeim fjármunum?
3. Eitt af markmiðum fjármálaáætlunarinnar er að koma í veg fyrir víxlverkanir í samspili örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða (tímaáætlun 2018-2019).
 - a. Hvernig á að koma í veg fyrir þessar víxlverkanir?
 - b. Hvenær er áætlað að hagsmunasamtök fatlaðs fólks komi að þeirri vinnu?
4. Er fyrirhugað að hækka persónuafsláttinn umfram verðlagsþróun á næstu fimm árum og ef svo er þá hvenær og hvernig?
5. Hvenær verður frítekjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega hækkað? Frítekjumarkið hefur verið óbreytt frá árinu 2009
6. Gert er ráð fyrir 8,5 ma.kr. verði veitt til að lækka kostnað sjúkratryggðra vegna heilbrigðisþjónustu á tímabilinu. Hvernig samræmist það áætlunum um að ná svipaðri kostnaðarpáttöku sjúkratryggðra og er á hinum Norðurlöndunum?
7. Er til heildarsýn eða stefna um þjónustu vegna hjálpartækja og endurspeglast hún í fjármálaáætluninni?
8. Verður kostnaður sjúkratryggðra vegna sálfræðiþjónustu settur undir greiðslupáttökukerfið á tímabilinu?
9. Hvernig verður staðið að innleiðingu Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, inn í löggjöfina, stjórnsýsluna og samfélagið? Hvaða fjármagni á að veita í innleiðingu og vitundarvakningu vegna sáttmálans?

Óskertur lífeyrir almannatrygginga verði hækkaður í 390 þús kr. á mánuði.

Útreikningur kaupmáttarþróunar til ársins 2016, sem Hagfræðistofnun HÍ gerði fyrir ÖBÍ, sýnir að verulegur munur er á þróun kaupmáttar tekna örorkulífeyrisþega annars vegar og launafólks hins vegar, hvort heldur horft er til lágmarkslauna, miðgildis heildartekna fullvinnandi, óskerts lífeyris almannatrygginga eða miðgildis heildartekna örorkulífeyrisþega, eins og sjá má á mynd 1.

Mynd 1.



Útreikningar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Upplýsingar um miðgildi heildartekna árið 2017 hafa ekki verið birtar á heimasíðu Hagstofu Íslands.


Öfugt við laun á vinnumarkaði hafa tekjur örorkulífeyrisþega rýrnað flest árin.

Helmingur örorkulífeyrisþega var með heildartekjur undir 272 þús. kr. á mánuði (fyrir skatt) árið 2016.

Það sama gildir ef horft er til krónutöluhækkana, sjá mynd 2.

Mynd 2.

Krónutöluhækkunir frá 2009 til 2016 - upphæðir á mánuði fyrir skatt - samanburður



Hækkun heildarlauna fullvinnandi og heildartekna örorkulífeyrisþega miðast við miðgildi. Byggir á tölulegum upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins og Hagstofu Íslands.

Framfærsla örorkulífeyrisþega verður ekki tryggð nema með umtalsverð krónutöluhækkun, sem þarf að koma til framkvæmda strax.

Frá janúar 2018 er framfærsluviðmið TR 238.594 kr. á mánuði (fyrir skatt). Eftir skatt er upphæðin 204.354 kr.

Framfærsluviðmið fyrir lífeyrisþega sem fær greidda óskerta heimilisuppbót er 300.000 kr. Einungis 29% örorkulífeyrisþega fær greidda einhverja heimilisuppbót.

ÖBÍ leggur áherslu á að framfærsluviðmið verði hækkað úr 238.594 kr. í 390.000 kr.


Í fjármálaáætlun 2019-2023 er gert ráð fyrir að árleg hækkun lífeyris almannatrygginga verði á bilinu 3,1% - 4,3%, sem er enn lægra prósentu en síðustu ár. Prósentu þessi er lægri en áætluð hækkun launavísitölu fyrir árin 2019-2023 í sömu fjármálaáætlun. Hækkun lífeyris almannatrygginga hefur verið undir hækkun launavísitölu síðustu ár, sbr. fylgiskjal 1.

Í krónutölum mynd 4,3% hækkun óskerts lífeyris almannatrygginga þýða rúmlega 10 þúsund kr. á mánuði fyrir skatt, eða fara úr 238.594 kr. í 248.854 kr. Eftir skatt er hér um að ræða 6.490 kr. hækkun á mánuði.

Boðuð hækkun á bilinu 3,1% til 4,3% fimm ár í röð myndi þýða að óskertur lífeyrir almannatrygginga væri árið 2023 á bilinu tæpar 278 þúsund kr.¹ til tæpar 295 þúsund kr.² á mánuði (fyrir skatt).

Kjör lífeyrisþega verða ekki bætt með lágum prósentuhækkunum. Staða þeirra og lífskjör, hvort heldur horft er til upphæða (krónutöluhækkana) eða kaupmáttar, mun ekki batna og þeim er áfram ætlað að lifa í fátækt.


Þróun heildartekna örorkulífeyrisþega.



¹ 3,1% hækkun fimm ár í röð.

² 4,3% hækkun fimm ár í röð.

Miðgildi heildartekna örorkulífeyrisþega 2013-2017



Helstu tekjuskeringar í almannatryggingakerfinu.

1) „Króna á móti krónu“ skering.

„Króna á móti krónu“ skeringin var afnumin við útreikning ellilífeyris í byrjun árs 2017. Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hafa beðið í 16 mánuði eftir að afnámi þessarar fátæktargildru, sem þingmenn allra flokka eru sammála um að þurfi að fella út.

Í fjármálaáætlun 2019-2023 kemur ekki fram hvenær eigi að afnema þessar 100% skeringar. Áætlað er að bæta við fjármagni undir örorka og málefni fatlaðs fólks á árunum 2018 og 2019 allt að 4 ma. kr. til viðbótar vegna áætlaðs kerfislægs vaxtar. Í samanburði kemur fram í svari félags- og jafnréttismálaráðherra frá ágúst 2017 að útgjöld ríkissjóðs við að afnema „króna á móti krónu“ skeringar vegna annarra tekna nemi tæpum 11.5 ma. kr. á ári. Allt að 4 ma. kr. viðbótarframlag dugar skammt til að taka út þær miklu tekjutengingar sem nú eru við útreikning örorkulífeyris og tengdra greiðslna. Minnt er á að stór hluti þessarar fjárhæðar rennur til baka til hins opinbera í formi útsvars, tekjuskatt og neysluskatta (VSK).

Tafla 1

Dæmi um „króna á móti krónu“ skeringu

Framfærslu- viðmið	Atvinnutekjur	Skering	Staðgreiðsla	Til ráðstöfunar	Skering og skattur
238.594	0	0	34.242	204.354	34.242
238.594	40.000	40.000	34.242	204.354	74.242

2) Frítækjumark vegna atvinnutekna er óbreytt frá árinu 2009.

Frítækjumark vegna atvinnutekna er 109.600 kr. á mánuði. Ef það hefði fylgt launavísitölu frá árinu 2009 væri það komið í tæpar 200.000 þúsund kr. á mánuði. Á meðan frítækjumarkið stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, þá skila launahækkanir sér ekki til örorkulífeyrisþega.

Nýlegt dæmi er af konu, sem er örorkulífeyrisþegi og menntaður sjúkraliði. Fyrir hlutastarf á heilbrigðisstofnun fær hún 128 þús kr. fyrir skatt. Launatekjur hennar hækka heildarráðstöfunartekjur hennar einungis um 25 þús kr. Hérna er ekki um að ræða versta dæmið af tekjuskerðingu vegna atvinnutekna.

- ## 3) Víxlverkun örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða
- hefur bitnað mjög illa á örorkulífeyrisþegum. Þrátt fyrir að meginþorri þeirra hafi verið á vinnumarkaði fyrir orkutapið aðeins tæplega 50% örorkulífeyrisþega hjá TR greiðslur frá lífeyrissjóði. Á sama tíma fengu í kringum 50% örorkulífeyrisþega fyrsta örorkumat 50 ára og eldri. Allt frá árinu 2009 hefur ÖBÍ lagt áherslu á að fundin verði framtíðarlausn á vandanum, lausn sem ver hagsmuni allra örorkulífeyrisþega. Frá árinu 2011 hefur verið sett bráðabirðaaákvæði í lög sem á að sporna gegn víxlverkuninni.

Skattamál

Mikil aukning hefur verið á skattbyrði frá árinu 1998, eins og fram kemur í nýrri skýrslu ASÍ hefur skattbyrði aukist langmest hjá tekjulægstu hópnunum. Ein af meginástæðum aukinnar skattbyrði, einkum lágtekjufólks, er að persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun. Persónuafsláttur hefur mest áhrif á þá tekjulægstu þar sem um fasta upphæð er að ræða. Því yrði veruleg hækkun hans mikil kjarabót fyrir lágtekjufólk. Í fjármálaáætluninni er hins vegar ekki gert ráð fyrir hækkun persónuafsláttar umfram lögbundna verðlagsuppfærslu³ hans.

Persónuafsláttur árið 2018 er 53.895 kr. Ef hann hefði verið látinn fylgja launavísitölu, sem var tekin upp árið 1989, væri upphæð hans 112.904 kr. á mánuði⁴ vegna ársins 2018 og skattleysismörk 305.650 kr. á mánuði. Þess í stað eru mánaðartekjur umfram tæplega 145 þús. kr. skattlagðar. Einstaklingur með 200 þús. kr. tekjur á mánuði er að greiða tæpar 20 þús. kr. í staðgreiðslu.

ÖBÍ leggur áherslu á að hækkun persónuafsláttar nýtist lágtekjufólki mun betur en lækkun skattþrósentu í lægra skattþrepi. Hækkun persónuafsláttar er einföld og skilvirk leið til að bæta kjör hinna lægst launuðu, eykur jöfnuð og flækir ekki skattkerfið.

Í fjármálaáætluninni er hins vegar gert ráð fyrir 1% lækkun skattþrósentu í neðra skattþrepi. Slík lækkun þýðir að lífeyrisþegi með óskertan lífeyri fengi tæplega 2.400 kr. lækkun á meðan launþegi með rúmar 839 þús kr. á mánuði fengi tæpar 9.000 kr. lækkun. Þessi aðgerð viðheldur ójöfnuði.

³ 67. A. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

⁴ Uppreiknað til desember 2017.

Með vinsemd og virðingu


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ

Ekkert um okkur án okkar!

Fylgiskjöl.

Fylgiskjal 1.

Samanburður launavísitölu og lífeyris almannatrygginga.


Fylgiskjal 2.

Áætluð útgjöld vegna örorku og málefna fatlaðs fólks (27 kafli í greinargerð með fjármálaáætlun 2019-2023).

Fylgiskjal 1

		Árshækkun launavísitölu	Raunhækkun lífeyris
		%	%
2010	Meðaltal ársins	4,8	0
2011	Meðaltal ársins	6,8	8,1
2012	Meðaltal ársins	7,8	3,5
2013	Meðaltal ársins	5,7	3,9
2014	Meðaltal ársins	5,8	3,6
2015	Meðaltal ársins	7,2	3
2016	Meðaltal ársins	11,4	9,7
2017	Meðaltal ársins	6,8	7,5
2018	Spá	5,9	4,7
Skv. Fjármálaætlun 2019-2023			
2019	Spá	5,9	3,1-4,3
2020	Spá	4,4	3,1-4,3
2021	Spá	4,3	3,1-4,3
2022	Spá	4,3	3,1-4,3
2023	Spá	4,1	3,1-4,3

Þróun launa/lífeyris		
2009 = 100		
2009	100,0	100,0
2010	104,8	100,0
2011	111,9	108,1
2012	120,7	111,9
2013	127,5	116,2
2014	134,9	120,4
2015	144,6	124,0
2016	161,1	136,1
2017	172,1	146,3
2018	182,2	153,2



Fylgiskjal 2.

Áætluð útgjöld vegna örorku og málefna fatlaðs fólks (27 kafli í greinargerð með fjármálaáætlun 2019-2023).

Úr fjármálaáætlun 2019-2023, tafla 6, bls. 136.

Fjármálaáætlunin gerir ráð fyrir kerfislægum vexti sem nemur á bilinu 1,2 til 1,4 m.kr. á ári eða 6,5 m.kr. fyrir allt tímabilið.

2018	2019	Viðbót	Að teknu tilliti til "kerfislægs vaxtar"	1,3 m.kr. v/kerfislægs vaxtar í greiðslu lífeyris
61.877	67.516	5.639	4.339	
	2020	1.607	307	
	2021	1.587	287	
	2022	1.618	318	
	2023	1.661	361	

5.612 Viðbót mínus fjölgun.

12.112 m. Kr. hærri upphæð árið 2023 en 2018.

Skv. svari félagsmálaráðherra frá ágúst 2017 var kostnaður við afnám "króna á móti krónu" skerðingu áætlaður 11.438 millj. kr. á ári.